




## MEIRIHLUTI ÍSLENDINGA HLYNNTUR BORGARLÍNUNNI

- Fleiri Íslendingar á aldrinum 18 til 75 ára eru hlynttir en andvígir Borgarlínunni samkvæmt könnun Maskínu. Á bilinu 52-53% eru hlynt Borgarlínunni en tæplega 25% eru andvíg. Þá eru tæplega 23% í meðallagi hlynt eða andvíg Borgarlínunni.

### Hversu hlynt(ur) eða andvíg(ur) ert þú Borgarlínunni?




- Karlar eru andvígari Borgarlínunni en konur, en tæplega 34% karla eru andvíg en aðeins rúmlega 15% kvenna – bæði kynin eru þó hlyntari en andvíg. Þá er afstaða til Borgarlínunnar einnig breytileg eftir aldri en yngra fólk er hlyntara Borgarlínunni en eldra. Höfuðborgarbúar eru almennt hlyntari Borgarlínunni en aðrir Íslendingar þegar þjóðinni er skipt í tvo hópa. Sjá má að um 60% Reykvíkinga eru hlynt Borgarlínunni en hartnær fjórðungur andvígur. Þá eru þeir sem eru með háskólapróf hlyntari Borgarlínunni en þeir sem hafa hafa sótt skóla skemur.
- Að lokum er afstaða til Borgarlínunnar mjög breytileg eftir stjórnmalaskoðun en aðeins um 25-39% kjósenda Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins eru hlynt henni á meðan um 67-85% kjósenda Vinstri grænna, Samfylkingarinnar, Pírata og Viðreisnar eru hlynt henni.
- Svarendur voru 1974 talsins og koma úr Þjóðgátt Maskínu, sem er þjóðhópur fólks (panell) sem er dreginn með tilviljun úr Þjóðskrá og svarar á netinu. Svarendur eru af báðum kynjum, alls staðar að af landinu og á aldrinum 18-75 ára. Gögnin eru vigtuð með tilliti til kyns, aldurs og búsetu samkvæmt Þjóðskrá og endurspeglar því þjóðina þrýðilega. Könnunin fór fram dagana **18.-25. janúar 2018**.
- Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Maskínu: [www.maskina.is](http://www.maskina.is) og hjá Þóru Ásgeirsdóttur í síma 896-4427 eða hjá [thora@maskina.is](mailto:thora@maskina.is).



## Sp. 1. Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú Borgarlínunni?

	Fjöldi	%
Mjög hlynnt(ur) (5)	547	28,3
Fremur hlynnt(ur) (4)	468	24,2
Í meðallagi (3)	438	22,7
Fremur andvíg(ur) (2)	176	9,1
Mjög andvíg(ur) (1)	304	15,7
Gild svör	1933	100,0
Gildir svarendur	1933	97,1
Svöruðu ekki	58	2,9
Heildarfjöldi	1991	100,0



Meðaltal	3,40
Vikmörk á meðaltalið	+/-0,06
Staðalfrávik	1,39



Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem valmöguleikinn „Mjög hlynnt(ur)“ fær gildið 5 en valmöguleikinn „Mjög andvíg(ur)“ fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.

Á næstu síðum má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgráar.

# AFSTAÐA TIL BORGARLÍNUNNAR



Sp. 1. Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú Borgarlínunni?

	Gild svör	Hlynnt(ur)	Í meðallagi	Andvíg(ur)	
	Fjöldi	%	%	%	
<b>Allir</b>	<b>1933</b>	<b>52,5</b>	<b>22,7</b>	<b>24,8</b>	3,40
<b>Kyn*</b>					
Karl	990	47,1	19,0	33,9	3,16
Kona	942	58,2	26,5	15,3	3,66
<b>Aldur*</b>					
18-29 ára	465	62,3	20,7	17,0	3,68
30-39 ára	372	61,5	20,9	17,6	3,69
40-49 ára	339	50,0	25,8	24,2	3,37
50-59 ára	356	41,5	24,1	34,5	3,06
60 ára og eldri	401	44,8	22,6	32,6	3,15
<b>Búseta*</b>					
Reykjavík	785	59,9	15,7	24,4	3,55
Nágr.sveitarfélög Rvk.	488	49,3	25,3	25,4	3,35
Suðurland og Reykjanes	243	49,2	30,8	20,1	3,41
Vesturland og Vestfirðir	121	51,5	22,8	25,7	3,29
Norðurland	223	44,8	28,5	26,7	3,22
Austurland	72	31,2	35,3	33,5	2,83
<b>Tekjur*</b>					
Lægri en 400 þúsund	321	56,8	23,8	19,4	3,53
400 til 549 þúsund	239	45,5	30,0	24,5	3,30
550 til 799 þúsund	362	50,3	22,6	27,0	3,36
800 til 999 þúsund	252	57,2	22,3	20,4	3,56
Milljón til 1.199 þúsund	241	60,1	20,8	19,1	3,59
1.200 þúsund eða hærrí	291	52,7	19,4	27,9	3,35

\*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ( $p < 0,05$ ).



## Sp. 1. Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú Borgarlínunni?

	Gild	Hlynnt(ur)	Í meðallagi	Andvíg(ur)	
	svör				
	Fjöldi	%	%	%	
<b>Allir</b>	<b>1933</b>	<b>52,5</b>	<b>22,7</b>	<b>24,8</b>	3,40
<b>Eru tekjur heimilis þíns að þínu mati hærrí eða lægri en meðaltekjur heimila í landinu?</b>					
Lægri en meðaltekjur heimila í landinu	528	56,7	20,6	22,7	3,51
Svipaðar og meðaltekjur heimila í landinu	790	51,7	26,4	21,9	3,45
Hærrí en meðaltekjur heimila í landinu	504	52,9	19,9	27,2	3,36
<b>Menntun*</b>					
Grunnskólapróf	331	43,0	28,9	28,0	3,19
Framhaldsskólapróf/líðmenntun	645	46,0	24,2	29,7	3,22
Háskólapróf	932	61,0	19,2	19,8	3,63
<b>Hjúskaparstaða</b>					
Gift/Kvæntur/Í sambúð	1457	51,8	22,1	26,1	3,39
Einhleyp(ur)	339	57,3	25,0	17,7	3,53
Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill	124	49,1	24,5	26,4	3,30

\*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ( $p < 0,05$ ).



## Sp. 1. Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú Borgarlínunni?

	Gild	Hlynnt(ur)	Í meðallagi	Andvíg(ur)	
	svör				
	Fjöldi	%	%	%	
<b>Allir</b>	<b>1933</b>	<b>52,5</b>	<b>22,7</b>	<b>24,8</b>	3,40
<b>Heimilisgerð*</b>					
Ein(n) á heimili	263	56,2	22,9	20,9	3,48
Fullorðin(n)/Fullorðnir með 1-2 börn	685	56,0	21,9	22,1	3,52
Fullorðin(n)/Fullorðnir með 3 börn eða fleiri	190	52,1	24,2	23,7	3,42
Tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn	771	48,4	22,9	28,6	3,28
<b>Hvaða flokk myndir þú kjósa í dag?*</b>					
Flokk fólksins	68	24,8	29,1	46,1	2,62
Framsóknarflokkinn	138	39,0	25,4	35,7	2,97
Miðflokkinn	123	25,4	24,7	49,9	2,47
Pírata	183	85,0	10,9	4,1	4,29
Samfylkinguna	216	82,0	14,0	3,9	4,35
Sjálfstæðisflokkinn	391	27,4	24,1	48,5	2,61
Viðreisn	108	66,5	18,1	15,4	3,85
Vinstrihreyfinguna - grænt framboð	260	71,7	19,6	8,6	3,93

\*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ( $p < 0,05$ ).